

Nd. 120. Frumvarp til laga [102. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Pálmi Jónsson, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Við 2. málsgr. 3. gr. bætist:

Einstæðar mæður með barn eða börn á framfæri eiga rétt á, að dregin séu 50% frá tekjum þeirra, áður en skattgjald er á þær lagt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um tekju- og eignarskatt eru ákvæði, sem veita hjónum rétt til, að dregin séu frá 50% af tekjum konunnar, áður en tekjur þeirra sameiginlega eru reiknaðar til skatts, hafi konan ekki aflað tekna þessara með þátttöku eða vinnu við sameiginlegan atvinnurekstur þeirra hjóna, en í þeim tilvikum gilda önnur ákvæði. Með þessum hætti mun löggjafinn hafa viljað sjá til þess annars vegar, að skattalög verkuðu ekki sem hemill á, að fólk stofnaði til hjúskapar, en á hinn hóginn, að í þeim fælist fremur hvatning til giftra kvenna um að stunda vinnu meðfram heimilisstörfum, eftir því sem aðstæður leyfðu, og þá jafnframt að vegna aukins kostnaðar, sem af slíku mundi oft leiða við rekstur heimilisins, væri helmingur tekna konunnar frádráttarbær við skattaálagningu.

Sé hins vegar um einstæða móður að ræða, og þó að börn hennar séu á framfærslualdri, heimila lögin ekki þennan frádrátt. Tekjur hennar eru því skattlagðar eins og þær koma fyrir. Hér er um mikið misrétti að ræða, og það sem verra er, það bitnar á þeim, sem síður skyldi, einstæðum mæðrum, sem oft hafa lítið annað en eigið aflafé til þess að koma börnum sínum upp og að öðru leyti að sjá sjálfum sér og heimili sínu farborða.

Til þess að skýra þetta enn betur má taka dæmi: Gift kona, sem á börn, vinnur utan heimilis og aflar ásamt manni sínum tekna til sameiginlegra þarfa fjölskyldunnar. Hún fær helming tekna sinna frádreginn á skattframtali þeirra hjóna. Nú deyr maður hennar og hún þarf ein að annast framfærslu heimilisins. Þá fær hún ekki lengur hinn fyrrnefnda frádrátt af tekjum sínum, heldur eru þær skattskyldar að fullu.

Frumvarp þetta er flutt til þess að bæta úr hinu augljósa misrétti, sem hér hefur verið lýst. Það mun og, ef að lögum verður, eiga nokkurn þátt í því að létta einstæðum mæðrum róðurinn, en þær munu margar hverjar þurfa að knýja fast árar, sér og sínum til framfæris.